# Aðgangsviðmið fyrir fiskeldisfræði við Hólaskóla – Háskólann á Hólum

## *Almenn lýsing*

Við upphaf náms við Háskólann á Hólum þurfa nemendur að hafa gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti. Nemendur skulu hafa þekkingu á stærðfræð og tölfræði. Nemendur skulu geta notað tölvur sér til gagns og þekkja til algengustu ritvinnsluforrita og töflureikna. Æskilegt er að nemendur hafi grunnþekkingu í raunvísindum.

## *Aðgangsviðmið fyrir fiskeldisdeild – diplómunám í fiskeldi*

Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

Að auki er æskilegt að nemendur búi yfir hæfni á:

- 2. hæfniþrepi í raungreinum.
- 3. hæfniþrepi í ensku, einkum hvað varðar lestur fræðitexta.
- 2. hæfniþrepi í stærðfræði, einkum á sviði talna, rúmfræði og tölfræði.

Hólum í Hjaltadal, 24. desember 2013

Bjarni K. Kristjánsson, deildarstjóri